

Erindisbrjef

handa lækni og forstöðumanni geðveikrahælisins á Kleppi.

1. gr.

Læknir hælisis er forstöðumaður þess og nefnist geðveikralæknir. Hann skal búa í hælínu.

2. gr.

Undir umsjón yfirstjórnarinnar hefir hann á hendi alla framkvæmdarstjórn hælisis, sjer um lækniþjónustu og sjúkraþjónustu alla, svo og öll fjármál þess og búskap yfirleitt.

3. gr.

Hann ræður alla starfsmenn og alt þjónustufólk hælisis, nema yfirhjúkr-unarkonu og ráðskonu. Þær ræður yfirstjórn hælisis eftir tillögum hans.

4. gr.

Hann hefir ábyrgð á því, að stöðugt sje viðhöfð hin mesta reglusemi, sparsemi og hirðusemi í hvívetna í hælínu.

5. gr.

Hann sjer um viðhald á húsum hælisis og öllum eignum þess öðrum.

6. gr.

Hann útvegar og kaupir alt það, er hælíð með þarf.

7. gr.

Hann sjer um að hinir geðveiku vinni alla þá vinnu, er þeir eru færir um og hælínu má að gagni koma.

Þyki honum rjett að veita geðveikum manni, er sjerstaklega stendur á, þóknun fyrir vinnu sína, gerir hann um það tillögu til yfirstjórnar.

8. gr.

Einu sinni á hverju ári skal hann í viðurvist yfirstjórnarinnar skoða alla muni hælisis. Það sem í ljós kemur er borið saman við búshlutaskrána; þá er alt er borið saman og þeir munir skráðir, sem vanta og einhverjir af fólkinu

bera ábyrgð á, ritar hann og yfirstjórnarmennirnir undir skoðunargjörðina. Yfirstjórnin kveður um leið á um slitna eða ónýtt muni, hvort þeim skuli eytt eða 14. febr. 9 þeir teknir til annars.

9. gr.

Hann tekur til geymslu peninga eða aðra þá muni, sem geðveikir menn hafa með sjer er þeir koma á hælið, ef þess er óskað eða nauðsyn krefur.

10. gr.

Hann semur matskrá fyrir hvern dag, og afhendir ráðskonu hælisisns eigi síðar en kl. 12 á hádegi daginn áður.

11. gr.

Hann hefir á hendi alla reikningsfærslu hælisisns, inn- og útborganir.

Hann hagar reikningsfærslu sinni eftir því sem yfirstjórn hælisisns segir fyrir um, þannig, að jafnan sje hægt að fá glögt sundurliðað yfirlit yfir tekjur og gjöld.

12. gr.

Hann tekur við öllum tekjum hælisisns og gætir þess að hafa ávalt svo mikið fje í höndum, að hann geti jafnan tafarlaust goldið aðvifandi reikninga hælisisns. Hann semur í byrjun hvers mánaðar lauslega áætlun um tekjur og gjöld hælisisns; samkvæmt þessari áætlun útvegar yfirstjórn hælisisns honum fje það sem til vantar úr landssjóði.

13. gr.

Hann semur á ári hverju fyrir lok janúar nákvæman höfuðreikning með fullnægjandi skilríkjum og búshlutilista fyrir liðna árið; fara reikningar þessir frá honum til yfirstjórnarinnar og þaðan til stjórnarráðsins. Með höfuðreikningi hverjum skal fylgja yfirlit yfir efnahag hælisisns.

14. gr.

Hann skal sýna yfirstjórn hælisisns allar bækur sínar með fylgiskjölum og peninga þá, er hann hefir í höndum, hvenær sem þess er krafist, og ber honum einnig, hvenær sem er, að láta í tje það sem af honum verður heimtað sem reikningshaldara.

15. gr.

Hann bókfærir alla þá geðveika menn, sem í hælið koma, og fyrverandi heimili þeirra, skráir komudag þeirra, brottfarardag eða dánardag. Einnig lýsir hann meðferð þeirra.

9

14. febr.

16. gr.

Hann úrskurðar um inntöku á hælið og tilkynnir hlutaðeigendum rjettum.

17. gr.

Hann veitir læknishjálp alla geðveikum mönnum í hælínu og annars öllum íbúum þess, eða starfsmönnum, þegar sjúkdóma ber að höndum.

18. gr.

Honum ber að gæta alls sparnaðar, þá er um sjúkrafæði og lyf er að ræða. Hann annast um að lyfin sjeu sem flest sett saman og vegin út í hælínu, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

19. gr.

Honum ber að halda:

dagbók

brjefabók

kassabók

höfuðbók

búshlutabók

skrá yfir geðveika menn.

Bækur þessar löggildir yfirstjórnin og segir að öðru leyti fyrir um þær.

20. gr.

Honum ber að sætta sig við breytingar þær, er gjörðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

Með leyfi yfirstjórnar hælisisins má lækni hælisisins á sína ábyrgð fá nokkuð af störfum sínum að því er snertir búskap hælisisins í hendur ráðsmanni. Um afstöðu ráðsmanns fer eftir því, sem yfirstjórnin ákveður.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.